Fimmtudagur 1. október 1981 ÞJÓÐVILJINN — StÐA 3

Myndlistarsýning FÍM:

Listaverk

brotin og skemmd
„Margra mánaða verk að lagfæra þau" segir Haukur Harðarson

Stúlkan fékk ekki að halda hárinu fyrir forvitnum sýningargestum. Að sögn Hauks fylgir þvl mikil vinna að koma verkinu I samt horf.

Það kom mjög á okkur
þegar viö sáum hvernig
var búið að útleika verk-

in, svo við ákváðum að

taka þau öll burt af sýn-
ingunni/ áður en þau yrðu
fyri r frekar i
skemmdum", sagði
Haukur Harðarso n

myndlistarmaður, í sam-
tali við Þjóðviljann. Þeir
bræður Haukur og
Hörður urðu fyrir því, að
verk sem þeir áttu á
myndlistasýningu FI M
sem stendur yfir á Kjar-
valsstöðum þessa dag-
ana, voru brotin og eyði-

lögð, og eitt þeirra hrein-
lega lagt í rúst.

Hvernig getur svona lagað
skeð? Það er von að menn

spyrji. Ég vil ekki trúa þvi aö
fullorðið fólk hafi verið hér að
verki, heldur börn eöa ein-
hverjir óvitar.
Umrædd listaverk eru útbúin
úr efni sem þeir bræður kalla

HH23, og vöktu þau mikla at-
hygli á sýningunni. Hafa eflaust
margir talið að um svindl væri
að ræða, ekki væri hægt að móta
og útbúa slik verk i höndunum.

Að sögn Hauks liggur gifurleg
vinna að baki verkanna, og Ijóst
aö taka mun fleiri mánuði aö
lagfæra þaö sem skemmt var á
sýningunni. —lg.

Örn Þorsteinsson i sýningarnefnd FIM:

Leiöur að svo skyldifara

„Vi ð erum mjög leið
yfir að þetta skyldi fara
svona. Það var gífurlega
mikið af börnum á Kjar-

Þannig leit verkið eftir þá bræð-
ur Hauk og Hörð Helgasyni út,
eins og þvl var stitlt upp á gangi
Kjarvalsstaða. Að auki var
girt utan um það með snúru, og
auglýst að ekki mætti snerta á
verkinu.

valsstöðum s.l. sunnudag
í sambandi við bókakynn-
inguna þegar þetta hefur
gerst, og ég held að það sé
meginskýringiná hvernig
fór", sagði örn
Þorsteinsson myndlistar-
maður, sem á sæti í

sýningarstjórn FiM.
„Þessi verk þeirra bræðra eru
þannig úr garði gerð, að þau
kalla óbeint á snertingu: Þau
eru bæöi nýstárleg og forvitni-
leg, en það er afskaplega leiðin-
legt að svona skyldi fara."
Aö sögn Arnar var þaö verk
sem verst varð úti, haft til sýnis
á gangi Kjarvalsstaða, og girt i
kringum það með snúru, auk
þess skrifað var A spjald að ekki
mætti snerta verkið. Verkið stóð
hins vegar lágt frá gólfi. ,,Mestu
mistökin voru kannski, að setja
það ekki undir gler, eða verja
það betur með ööru móti. Orn
sagði, að aldrei áður heföi verið
unnar skemmdir á verkum, á
sýningu hjá FIM, og eins hefði
hann fengið upplýst hjá
forstöðumanni Kjarvalsstaða,
aö þetta væri i fyrsta sinn sem
slikt kemur fyrir þar innan
dyra. —lg..

Þessi var sioan aðkoman á sunnudag, eftir að sýningargestir höfðu hreinlega rústað verkinu.

Framkvæmdum lokið við Fossvogsræsi:

Frárennsli lengd, mengun hverfur

Fjörurnar við Reykjavik gætu verið mikill unaðs-
reitur ef þar flyti ekki um alls kyns ófögnuður frá
mannfólkinu kominn. Það hefur dregist úr hömlu að
gengið væri nógu vel frá holræsum þeim sem liggja
út i sjó, með þeim afleiðingum að mengun og sóða-
skapur blasir við. Nú hefur borgarstjórn tekið á sig «rögg eins og Adda Bára Sigfúsdóttir orðaði það i samtali við Þjóðviljann er framkvæmdum lokið i Fossvoginum og unnið að framkvæmdum i Elliða-voginum.

Adda Bára sagði að ástandið
hefði verið þannig i Fossvoginum,
að þar hefði verið yfirfall uppi i
fjöruoghefðiflotiðþar útum allt.
Nú hefði frárennslið verið lengt ut
i sjó i sömu breidd á framlenging-
unni. Þessi breikkun á að verða til
þess að fjaran verði nógu hrein.
Borgarstjórn samþykkti árið
1973 aðgerðir til úrbóta i frá-
rennslismálum, en vegna þess
hve framkvæmdirnar eru geysi-
lega dýrar hefur minna orðið úr
en ætlað var.

Nú hefur verið samþykkt að

stefna aö þvi að sameina ræsin úr
suðvesturhluta bæjarins og
leggja þau út á mun meira dýpi,
þannig að fjörunum verði borgið.
Ræsin i Elliðavogi, sem nú er
unnið við eru liður i þessari heild-
aráætlun en áætlaður kostnaður
viö þau er 3 miljónir kr. á þessu
ári.
„Það hefur verið látið dragast
allt of lengi að lengja frárennslin,
en nú hefur borgarstjórn tekið á
sig rögg, og lagt i þessar fram-
kvæmdir sem hefði átt að vera
búið að gera fyrir mörgum
árum" sagöi Adda Bára.

Tœkniminja-
deild við

Þjóðminja-
safnið
Menntamálaráðherra hefur
ákveðið að stofnuð verði sérstök
tækniminjadeild i Þjóðminjasafni
tslands, en nefnd á vegum
menntamálaráðuneytisins hefur
unnið að athugun á stofnun slikr-
ar deildar.
Forráðamenn Þjóðminjasafns
hafa lengi haft hug á að hrinda
þessu máli i framkvæmd, en
mjög er orðið brýnt að vinna að
varðveislu vaiinna og dæmi-
gerðra tækja, sem valdið hafa
hinni griðarmiklu þjóðfélags-
breytingu, sem orðið hefur i is-
lensku þjóðlifi a undanförnum
áratugum.
Hinni nýju deild er einkum ætl-
að að varðveita heimildir og tæki
á sviði samgangna á láfti og i lofti,
landbúnaðar, rafmagns- og út-
varpstækni, véltækniýmiss konar
og annars tæknibúnaðar, sem
kom i kjölfar hins gamla bænda-
og útvegsbændaþjóðfélags.

Frá Pósti og sima:

Sérgjald
hœkkar
Sérgjöld vegna svonefndra
„kollekt" samtala frá löndum
Vestur-Evrópu hækka frá 1. okt.
1981 og verða teknar kr. 16.00 i
aukagjald fyrir hvert slikt sam-
tal.
Simnotendur skulu hafa þetta i
huga, þegar þeir samþykkja að
geiða slik simtöl. Hagkvæmara er
fyrir þá, sem eru á ferð erlendis,
að hringja stutt simtal með sjálf-
virku vali og láta siðan hringja i
sig héðan.
Þá geta simnotendur valið
sjálfir númer i eftirtöldum lönd-
um til viðbótar þeim, sem áður
hefur verið tilkynnt um:
Indónesia, landsnúmer 62,
gjald kr. 36.00 á minútu.
Kúba, landsnúmer 53, gjald kr.
42.50 á minútu.
Panama, landsnúmer 507, gjald
kr. 36.00 á minútu.

Fullorðins-

frœðsla
Fullorðinsfræðsla á Norður.
löndunum verður kynnt i tveimur
fyrirlestrum i Norræna húsinu kl.
20.30. AUan Sundqvist, rektor frá
Sviþjóðkynnir þær umræður sem
hafa verið i Sviþjóð vegna skýrslu
um fuflorðinsfræðslu, sem var
lögð fram siðastliðið haust og
Ragnar Mannil, skrifstofustjdri
frá Finnlandi talar um reynslu
Finna af þeim samtökum sem
standa að f ullorðinsfræðslu og eru
ekki rikisstýrð og segir frá
hlutverki þeirra og skipulagn-
ingu.
Allan Sundqvist starfar við
Studieförbundet Vuxenskolan, og
var ráðinn 1980, til sænska
menntamálaráðuneytisins til að
vinna að gerð áætlunar um full-
orðinsfræðslu f. árið 1981. Ragnar
Mannil hefur verið skrifstofu-
stjóri frá 1960 i Svenska folkskol-
ans vanner, sem eru elstu menn-
ingarsamtök sænskumælandi
Finna. Hann er einnig formaður i
Svenska studieförbundet. Báðir
komu þeir til islands vegna fund-
ar, sem Norræna fullorðins-
fræðslusambandið (FNV) heldur
hér á landi, en tilgangur fundar-
ins er að kynna fullorðinsfræðsl-
una hér og þau samtök, sem að
henni standa.
Norræna fullorðinstræðslusam-
bandið var stofnað 1970. Innan
þess eru 9 fræðslustofnanir frá
Danmörku,Finnlandi, Noregi, og
Sviþjóð. Hlutverk þess er að
stuðla að auknu samstarfi
Norðurlandaþjóða á sviði fullorð-
insfræðslu almennt, en með
áherslú á menningarsviðið.